


Sprotasjóður – Lokaskýrsla

Skóli: Myndlistaskólinn í Reykjavík
Verkefni: Dyndilyndi – verði gjafa gagnstreymi
Verkefnisstjóri: Elsa Dóróthea Gísladóttir



...verði gjafa gagnstreymi.

Efnisyfirlit

Markmið verkefnis	bls. 5
Leiðir að markmiðum	bls. 7
Frávik frá markmiðum	bls. 9
Helstu hindranir	bls. 9
Hindranir út frá sjónarhorni kennara Myndlistaskólans í Reykjavík	
Ávinningur	bls. 11
Ávinningur út frá sjónarhorni kennara Myndlistaskólans	
Ávinningur út frá sjónarhorni Listasafns Íslands	
Mat á verkefninu	bls. 13
Úrdráttur á kennslumati á endurmenntunarnámskeiði Dyndilindis	
Mat á Listbúðum Dyndilindis - Samantekt á svörum grunnskólakennara	
Mat á Listbúðum - kennarar Myndlistaskólans	
Niðurstöður verkefnis	bls. 17
Áætlanir um kynningu á afrakstri og niðurstöðum verkefnis	bls. 19
Uppgjör - samantekt	bls. 21

Ljósmyndarar:

Erla Stefánsdóttir, Heiðar Kristjánsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Hildur Steinþórsdóttir og Margrét H. Blöndal.



Hreyfimylnstur Margrétar Bjarnadóttur, dansara kannað.



Nemendur hlusta eftir hugmyndum félaga sinna. Rikke Hood og Elísabet Indra Ragnarsdóttir unnu hljóðheima með viðtölum við nemendur sem tóku þátt í Listbúðunum vorið 2009 og listamenn sem áttu verk á sýningunni Dyndilyndi - verði gjafa og gagnstreymi.

Markmið verkefnis:

Að þróa áfram og koma á framfæri áhugaverðri leið að skapandi kennsluháttum til eflingar og örvunar í almenna skólasamfélaginu.


Að kynna skólastjórnendum og almennum kennurum grunnskólans þau vinnubrögð sem viðhöfð eru af myndlistamönnum og kennurum innan myndlistaskóla.

Að koma á samvinnu og samspli á milli ólíkra mennta- og menningastofnanna, listasafns, grunnskóla og sérskóla í sjónlistum.

Að skapa vettvang þar sem allt umhverfi og aðstæður eru nýttar til að örva myndhugsun nemenda og skapa nýjar tengingar með tilraunum og rannsóknum í bland við fræðslu og upplifun.

Að gefa innblástur og leiðsögn fyrir skólaumhverfið um hvernig nálgast megi ný markmið sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér um kennslu á grunn og framhaldsskólastigi í byggingarlist.

Að örva og ýta undir umhverfislæsi á sem víðastan hátt í skólaumhverfinu.



...verði gjafa gagnstreymi.



Magnús Þór og ungmeyjasveitin Karítunnar fluttu frumsamið verk Magnúsar undir stjórn Hilmars Arnars Agnarssonar og undirleik Sophie Schoonjans og hljóðmynd Hilmars Arnars Hilmarssonar.



Brúðuleikhús Kristins G. Harðarssonar um rebba og vini hans. Vinir rebba ásamt sviðsmynd leikhússins var unnin í samvinnu við nemendur Myndlistaskólans. Ævintýri Rebba var jafnframt hægt að skoða á veraldarvefnum í hreyfimyndaformi.



Margrét H. Blöndal, sýningastjóri kynnir Sæhestinn til sögunnar úr Dýrlingasögum Hörpu Arnardóttur. Leikritið fór fram í lyftu listasafnsins. Leikari: Halldór Gylfason. Höfundur leikrits: Auður Ava Ólafsdóttir.

Leiðir að markmiðum:

Myndlistaskólinn hefur þróað sérstakt kennsluform, Listbúðir, undanfarin 7 ár þar sem fléttað er saman list og fræðum, samvinnu listamanna, hönnuða og fræðimanna. Markmiðið með Listbúðum var að frjóvga almennt skólastarf og samstarf við grunnskóla Reykjavíkurborgar í gegnum Menntasvið Reykjavíkurborgar. Til að útvíkka snertifleti við samfélagið, þróa það áfram og kynna framtakið á breiðari vettvangi fólst verkefnið nú í að setja listbúðaformið upp í mun opnara og margslungnara samhengi:

- sem viðburð á Barnamenningarhátíð á Listasafni Íslands.

Sjá vef hátíðarinnar: <http://barnamenningarhatid.is/dagskra/>

- sem örútgáfu af hefðbundnum Listbúðum svo grunnskólar fjarri Reykjavík ættu kost á að taka þátt.

Skólarnir sem tóku þátt voru Akurskóli í Reykjanesbæ, Setbergsskóli í Hafnarfirði, Waldorfskólinn Lækjarbotnum, Barnaskóli Stokkseyrar og Eyrarbakka, Vallarskóli á Selfossi og Fossvogsskóli í Reykjavík.


- sem vettvang endurmenntunar fyrir kennara og málþings. Boðið var upp á dagskrá fyrir kennara á Dyndilyndi í tveimur hlutum sem fram fór á Listasafni Íslands: 29. apríl - verklegur þáttur / 1. maí - málþing.

- sem viðfangsefni ólíkra listamanna og hönnuða þar sem listamenn sköpuðu verk sem áttu upphaf í verkum barnanna. Verk þessara listamanna voru sett upp á Listasafni Íslands:

Tinna Gunnarsdóttir vöruhönnuður, Huginn Þór Arason myndlistarmaður, Kristín Ómarsdóttir rithöfundur, Magga Stína tónsmiður, Harpa Arnardóttir leikkona, Mundi athafnamaður, Borghildur Ína Sölvadóttir grafískur hönnuður, Kristinn G. Harðarson myndlistarmaður, Megas tónlistar- og textaverkamaður, Margrét Bjarnadóttir danshöfundur, Hilmar Örn Hilmarsson tónverkamaður, Rikke Houd hljóðheimildahömuður, Rán Flygenring grafískur hönnuður, Elísabet Indra Ragnarsdóttir dagskrárgerðarkona, Sara María Skúladóttir klæðskeri, Hildigunnur Birgisdóttir myndlistarkona, Theresa Himmer arkitekt og hönnuður, Kristján Eggertsson arkitekt og Margrét H. Blöndal sem var leiðangurstjóri.

- sem rafræna miðlun í formi heimasíðu og hugmyndabanka.

Sjá vefsíðurnar: www.dyndilyndi.is og www.kveikjan.is



...verði gjafa gagnstreymi.




Magga Stína frumflutti eigið verk og stjórnaði fríðri sveit nemenda Myndlistaskólans með liðsauka úr ýmsum áttum.



Frá opunarhátíð þar sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra opnaði viðburðinn.



Eftirvæntingfullir listamenn bíða eftir að láta ljós sitt skína á opunarhátíðinni. Trommusveit Möggu Stínu.



...verði gjafa gagnstreymi.

Frávik frá markmiðum:

Ekki var um nein frávik frá markmiðum, allir þættir verkefnisins gengu eftir í framkvæmd.

Helstu hindranir:

Viðburðurinn Dyndilyndi – verði gjafa gagnstreymi var umsvifamikill og margir komu að honum. Mikil þátttaka og mæting á opunarhátíðinni kom á óvart og sköpuðust vandamál vegna þrengsla þar sem listviðburðir fóru fram á göngum og hreyfirými safnsins. Í kjölfarið var það mál leyst með því að flytja tónlistarviðburðina á opnari og rýmri staði.

Það reyndi mikið á starfsfólk Listasafnsins þegar inn streymdu tugir sprækra barna og umfangsmikil dagskrá fylgdi verkefninu dag hvern. Spurningar vöknudu um hlutverk safnsins og getu þess til að hýsa þá viðburði sem verkefnið Dyndilyndi samanstóð af. Starfsfólk safnsins hefði þurft betri undirbúning þar sem oft var farið út fyrir viðtekin ramma og hefðbundið hlutverk og starfsemi safnsins.

Hindranir út frá sjónarhorni kennara Myndlistaskólans í Reykjavík

„Fleiri gestir heimsóttu safnið en okkur hafði órað fyrir og vildi ég að við hefðum getað sinnt þeim öllum. Þar vantaði okkur liðsmenn í leiðsögn. Stundum komu „almennir“ gestir meðan á listbúðunum stóð og starfsfólk safnsins var misvel undirbúið fyrir slíkar heimsóknir. Einnig vildi ég hafa getað undirbúið betur heimsóknir gesta utan þess tíma sem skipulagðar voru fyrir listbúðir, því ekki er að neita að stundum jaðraði við öngþveiti í hvellandi salarkynnum.“




Inngangur fyrir íslenska fáu og aðra gesti. Hannaður af arkitektunum Kristjáni Eggertssyni og Theresu Himmer.



Ungur listamaður spinnur við verk félaga sinna.



Á opnum listasmiðjum gafst almenningi kostur á að búa til fuglahús, tuskudýr og hillur.



...verði gjafa gagnstreymi.

Ávinningur:

Fyrir Myndlistaskólann sjálfan var þetta verkefni einstakt tækifæri til að koma áralöngu þróunarstarfi á Listbúðum sem kennsluformi á framfæri við mun breiðari hóp barna og fullorðinna en áður var möguleiki á. Á sama tíma var tilraun gerð með form og samhengi Listbúðanna sjálfra og með því móti opnuðust möguleikar á þátttöku grunnskólabarna utan Reykjavíkur. Verkefnið skapaði nýja reynslu fyrir skólann þar sem fléttað var saman á tilraunakenndan hátt listsköpun, fræðslu og margháttaðri sýningarstjórn. Langþráður draumur Myndlistaskólans um hugmyndabanka rættist og grunnur lagður að áframhaldandi uppbyggingu á verkefnabanka í samvinnu við skólasamfélagið.

Ávinningur út frá sjónarhorni kennara Myndlistaskólans

„Skólarnir sem heimsóttu listbúðirnar voru frá nágrennabyggðum Reykjavíkur utan Fossvogsskóla. Flestir nemendanna höfðu hvorki heimsótt safnið né Myndlistaskólann og var því sérstök ánægja að taka á móti þeim. Oftar en ekki komu nemendur síðan á ný á safnið með foreldrum sínum eða öðru venslafólki eftir hádegi eða um helgar til að sýna afrakstur vinnu sinnar eða til að leiða þau um safnið sem nú var orðið þeirra heimavöllur. Þar voru ekki heimaríkir hundar á ferð heldur ungir og áhugasamir verkamenn í sveita síns andlits. Mér fannst ánægjulegt hvernig hægt var að flétta verkum ólíkra listamanna inn í vinnu barnanna og sýna þeim fram á hliðstæðu í þeirra störfum. Gjöfult var einnig að fá að dvelja í hinu óeiginlega og eiginlega völundarhúsi Listasafnsins hvað snertir sögu, safneign og salarkynni“

Ávinningar út frá sjónarhorni Listasafns Íslands:

„Verkefnið vakti upp áleitnar spurningar um hlutverk og ímynd Listasafnsins. Er þetta menningarmiðstöð eða safn, fer þetta tvennt saman? Spurning um tilraunakenndara og meira lifandi safn.“

„Verkefnið sýndi fram á hvaða möguleikar eru fyrir hendi á að nýta húsakynnin á frumlegan hátt fyrir uppákomur af ýmsu tagi.

„Áhugaverð tilraun gerð með því að færa fræðslu/kennslu inn í sýningarsali og sýningu fram á gang. Mjög framúrstefnuleg vinna með og fyrir börn.“

„Mikill ávinningur að fá alla þessa nýju gesti utan höfuðborgarinnar, varð hvatning til safnsins um að ná betur til þessa markhóps.

Jákvætt umtal útá við, rós í hnappagat safnsins.“



Kennarar bíða aðstoðar.



Leiðsögn um sýninguna Dyndilyndi á endurmenntunarnámskeiðinu.



Frá endurmenntunarnámskeiði fyrir kennara. Hluti var verklegur en annar þáttur var málping þar sem hugmyndabankinn kveikjan.is var kynnt.

Mat á verkefninu:

Úrdráttur á kennslumati á endurmenntunarnámskeiði Dyndilyndis

Lagt var fyrir kennslumat eftir verklegan þátt endurmenntunarnámskeiðsins. Send voru matsblöð til þátttakenda og bárust svör frá 9 af 24 þáttakendum. Lesa má af svörum að þátttakendur voru ánægðir með framtakið og þakklátir. Einkunnir voru gefnar fyrir einstaka þætti og voru þær á bilinu 8 – 10.

Jákvæðir punktar:

- Listbúðirnar áhugavert kennsluform og hvatt til útbreiðslu þess
- Faglegt og gott framtak
- Vel framsett og skýrt og gott flæði
- Áhugavert, fjölbreytt og heillandi efni

Hvað mátti gera betur:

- Námskeiðið of stutt
- Verklegrir þátturinn mátti vera lengri
- Mættu vera meiri umræður um ferlið til að kennarar gætu speglað sína eigin möguleika í kennslu barna út frá efni námskeiðsins

Mat á Listbúðum Dyndilyndis - Samantekt á svörum grunnskólakennara

14 kennarar komu í fylgd með grunnskólabörnunum, svör bárust frá 7 kennurum.


Það var mat allra kennara að Listbúðirnar væru kærkomin og áhugaverð tilbreyting í skólastarfið. Í svörum þeirra allra var lögð áhersla á mikilvægi þess að skipta um umhverfi, vinna við nýjar aðstæður og með nýju fólki. Nemendur sýna þá aðra hlið á sér hvað varðar hegðun og getu. Þarna blómstruðu t.d. nemendur sem ekki eru sterkir í bóklegu námi, nýtt umhverfi elur af sér ný viðhorf. Allir kennararnir lýstu áhuga á að taka aftur þátt í slíku verkefni og voru þakklátir fyrir að fá að taka þátt.

Jákvæðir punktar:


- Opin verkefni sem kalla á sköpun og lausnaleit
- Verkefnið er hvatning til kennara til að leita óhefðbundinna leiða í efnistöfum og vali á viðfangsefnum
- Verkefnið fól í sér tækifæri til að kynnast Listasafni Íslands
- Einstakt tækifæri fyrir börnin að vinna og sýna verk sín á listasafni

Hvað má betur fara:


- Stundum truflaði önnur starfsemi á safninu kennsluna - hávaði frá veitingasal
- Tíminn var stuttur og takmarkað sem hægt er að gera með nemendum á svo knöppum tíma
- Lítil tími fyrir nemendur að kynnast nýjum kennurum og öfugt
- Orðanotkun og útskýringar ekki nógu aðlöguð að aldri nemenda - of fullorðinslegt tal



...verði gjafa gagnstreymi.



Í einum sal safnsins óx smám saman undraveröld.



Með fimum fingrum byggðu nemendur við verk hvors annars.

Mat á Listbúðum – kennarar Myndlistaskólans

Rammi og skipulag: Fjöldi nemenda frá hverjum skóla var frá 21 til 32 á Dyndilyndi. Mat kennara eftir á er að ákjósanlegur fjöldi væri 24 sem þýðir 12 nemendur á hvorn kennara Myndlistaskólans. Aðstæður á opinberu safni eru aðrar en í lokaðri stofu og margt sem á sér stað á sama tíma sem dregur athygli eða spilar inn í hljóðheim kennslunnar á staðnum.


Staðsetning: Einstakt þótti að geta unnið inn á safninu og þannig tengt vinnu barnanna við sögu hússins. Gjöfult að vinna með rými inn í slíku rými sem Listasafnið sjálft er. Ánægjulegt var hvernig hægt var að flétta verkum ólíkra listamanna inn í vinnu barnanna og sýna þeim fram á hliðstæðu í þeirra störfum.

Niðurstaða: Ánægja er með þessa vinnu. Kennarar nutu þess að sjá vinnustofuna breytast frá degi til dags eftir heimsókn hvers hóps barna. Einnig fannst kennurum heillandi glíman við rýmiskennidina í þar sem verk barnanna voru ætíð til sýnis sem hluti af allri sýningunni. Kennarar sem fylgdu hópunum voru áhugasamir nema í örfáum undantekningartilfellum og þá þurfti bara rétt að hnippa í þá til að þeir tækju við sér.

Þetta form Listbúða mætti gjarnan endurtaka þótt kennarar Myndlistaskólans söknuðu þess aðeins að fá ekki að fylgja börnunum lengur eftir, samanborið við hefðbundið form Listbúða sem stendur yfir í viku. En þeim mun gleðilegra var að sjá þessi börn koma aftur á safnið á eigin vegum í fylgd síns fólks og sýna þeim afrakstur vinnu sinnar stolt og ánægð. Í heildina var þetta mjög ánægjuleg reynsla að mati kennara.

Ekki var svigrúm til að fá viðbrögð og álit foreldra barna frá þáttökuskólunum, miklar annir eru í skólastarfi í maímánuði og öll aukaviðvik íþyngjandi fyrir kennara sem yrðu alltaf milliliðir í slíku matsferli.

Ef ætti að endurtaka Listbúðir í þessu stutta dagsformi væri æskilegt að funda sérstaklega með kennurum sem fylgja eiga börnum hvers skóla til að kynna verkefnið. Það er mat verkefnisstjóra að þrátt fyrir fjarlægðir og fjölda funda sem það þýddi, myndi það skila sér margfalt til baka og verða til þess að kennarar gætu nýtt sér enn betur framlag Myndlistaskólans. Send voru ýtarleg gögn um verkefnið til kynningar á Dyndilyndi til allra þáttökuskóla en það er erfitt að koma vel til skila í rituðu máli umfangsmiklum upplýsingum og síðan fyrir ókunna að endursmíða úr þeim upplýsingum heildstæða skiljanlega mynd því alltaf vakna ótal spurningar við lestur og ýmislegt óljóst.




...verði gjafa gagnstreymi.



Efniviður í listasmiðjum var einfaldur en stólað var á fjörugt ímyndunarafli þátttakenda.



Nemendur gerðu leiðarkerfi og tengdu með því móti á milli skjóla sinna.



...verði gjafa gagnstreymi.

Niðurstöður verkefnis:

Mikil ánægja er með verkefnið í heild sinni og hefur það hlotið lofsamlega dóma bæði fagfólks á sviði lista og menntunar og síðan almennings sem naut afraksturs verkefnisins á Menningarhátíð barna 2010.

Það markmið að tengja saman ólíkar stofnanir á sviði lista og menningar tókst afar vel sem sjá má á þeirri staðreynd að mörg barnanna komu aftur og litu þá á þjóðlistasafnið sem sitt eigið.


Í svörum kennara og samræðum á endurnámskeiði og málþingi kom fram mikil ánægja með verkefnið í heild sinni og ekki síst þessa fyrsta skrefs að búa til sameiginlegan gagnabanka fyrir þá sem sinna myndlistakennslu í grunnskólum. Mörgum kennurum fannst að gagnabankinn gæti verið fyrsta skrefið í að rjúfa þá einangrun sem þeir finna stundum fyrir inn í skólunum.

Það er niðurstaða okkar hér í Myndlistaskólanum að verkefnið hafi skilað mikilvægri reynslu fyrir áframhaldandi þróun Listbúðaformsins og sett upp áhugavert fordæmi um hvernig hægt er að standa að fræðslu á skapandi hátt í margháttuðu samspili sérskóla í myndlist, grunnskóla, menningarstofnunar og fræðasamfélags.

Það er mat okkar að verkefnið hafi opnað hug allra sem að því komu, listamanna, kennara, nemenda, starfsfólks Listasafns Íslands og Myndlistaskólans í Reykjavík, gesta á menningarhátíðinni og gefi af sér kveikjur og hvatningu til nýrra landvinninga í listum og fræðslumálum í framtíðinni.



Frá opinn listasmiðju í listasafninu. Foreldrar og börn unnu saman að listaverkum.



Frá síðustu dögum sameiginlegs verks í einum sala safnsins. Alls lögðu um 230 þátttakendur listasmiðja Dyndilyndis hönd á plóg við gerð verkanna.



Kristín Ómarsdóttir samdi fjölda einþátunga, en nemendur Myndlistaskólans gerðu sviðsmynd fyrir verkið. Þann 1. maí komu hinar ýmsar starfsstéttir og léku hver sinn þátt. Þarna láta ljósmæður gamninn geisa.


Áætlun um kynningu á afrakstri og niðurstöðum verkefnis:

Sú staðreynd að verkefnið átti sér stað á Listasafni Íslands og var hluti af Barnamenningarhátíð 2010 var kynning í sjálfu sér. Að auki var þessi opinberi vettvangur nýttur til endurmenntunar og málþings fyrir kennara og aðra áhugasama um möguleika byggingarlistar í list- og verkgreinum og í almennri kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Málþing var haldið 1. maí í tengslum við endurmenntunarnámskeið Dyndilyndis og var fyrsti liður í kynningu á afrakstri og niðurstöðum verkefnisins. Þar fór fram formleg opnun og kynning á hugmyndabankanum Kveikjuni (www.kveikjan.is) sem er einn af þáttum Listbúðaverkefnisins. Hugmyndabankanum er ætlað að koma til móts við þá þörf sem er á kveikjum og verkefnum á sviði byggingarlistar í kjölfar nýrrar menningarstefnu stjórnvalda í mannvirkjagerð. Á málþinginu kynnti Guðný Helgadóttir frá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu nýútkomna stefnu stjórnvalda um byggingarlist og þá sérstaklega þann kafla sem lýtur að menntun almennings á sviði byggingarlistar og umhverfisvitundar. Markmiðið með málþinginu auk þess að kynna verkefnið var að skapa vettvang fyrir beinar samræður milli þeirra sem móta menntastefnu listgreinanna og þeirra sem ætlað er að framfylgja henni og hrinda í framkvæmd. Kallaðir voru til panelumræðna fulltrúar frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, almennum grunnskólakennurum, kennslufræði Listaháskóla Íslands og Félagi íslenskra myndlistakennara. Málþingið sóttu myndlistakennarar og almennir grunnskólakennarar. Margir tóku þátt í ofangreindum viðburðum og barst hróður verkefnisins víða. Almenn ánægja var með tilkomu Kveikjunnar og höfðu margir á orði að loksins væri draumur þeirra um hugmyndabanka á sviði listgreina að rætast.

Í tengslum við Dyndilyndi var gerð heimasíða sem lifir eftir sýninguna sem heimild og skrásetning um alla þætti verkefnisins auk þess að segja sögu Listbúða í Myndlistaskólanum frá upphafi þar sem ítarlegar skýrslur um markmið og verkefnið sjálf fylgja. Verið er að leggja lokahönd á að setja inn tæmandi heimildir um viðburði Dyndilyndis á heimasíðuna og ljúka uppsetningu kveikjunnar.is Áformað er að kalla til almenna grunnskólakennara og framhaldsskólakennara svo þeir megi kynna sér og prófa virkni og viðmót vefsins. Það er liður í að gera vefinn notendavænan og sníða hann að þörfum þeirra. Áætlað er að Kveikjan þróist áfram og taki til fleiri sviða sjónlista en byggingarlistar.

Það má segja að verkefnið sé nú þegar vel kynnt en nauðsynlegt er að fylgja vel eftir kynningu á rafrænum afurðum þess, Kveikjuni og heimasíðu Dyndilyndis. Þegar mótuð hefur verið framtíðarstefna Myndlistaskólans með Kveikjuni á komandi hausti er áformað að kalla til stefnumóts við kennara og lykilstofnanna í kennslufræðum. Þar er markmiðið að koma á beinum tengslum við hinn almenna kennara og þróa gagnvirka notkun og samskipti á vefsíðu Kveikjunnar. Það er liður í að kynna verkefnið áfram samhliða því að þróa Kveikjuna og bæta.



...verði gjafa gagnstreymi.



Sviðsmynd sem nemendur Myndlistaskólans hönnuðu fyrir leikþætti Kristínar Ómarsdóttur.



Eitt af mörgum skjólum sem börnin hönnuðu af hugviti og næmni.

Uppgjör - samantekt

Tekjur:


Barnamenningarsjóður - styrkur	300.000 kr.
MRN/Sprotasjóður - styrkur	800.000 kr.
Barnamenningarhátíð Reykjavík 2010 - styrkur	1.000.000 kr.
Dyndilyndi - endurmenntun	98.500 kr.
Þróunarsjóður námsgagna - Styrkur Margmiðlunarbanki sjónlista	1.000.000 kr.
Margmiðlunarbanki - kveikjan.is/tekjur	2.418.769 kr.
Myndlistaskólinn í Reykjavík - framlag	1.553.915 kr.
Tekjur - samtals:	7.171.184 kr.

Gjöld:

Laun	589.867 kr.
Aðkeypt kennsla	312.225 kr.
Sími og netþjónusta	40.410 kr.
Auglýsingar	618.870 kr.
Aðkeyptur akstur	236.490 kr.
Ritföng, prentun, pappír	127.961 kr.
Gjafir	46.818 kr.
Kaffistofa, risna, fundir	62.986 kr.
Ferðakostnaður	167.019 kr.
Sýningarkostnaður - efni	608.596 kr.
Sýningarkostnaður - vinna	2.078.157 kr.
Margmiðlunarbanki - kveikjan.is/gjöld	2.281.785 kr.
Gjöld - samtals:	7.171.184 kr.

Hagnaður / (Tap)

0




...verði gjafa gagnstreymi.

Reykjavík 30. ágúst 2010

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla



...verði gjafa gagnstreymi.

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

 LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Barnamenningarhátið
í Reykjavík 2010